

dagsönn

Ummæli

Er aðalvígð orðið aukaatriði?

„Allt í einu er aðalvígð íhaldsins gegnum áratugina, sjálf höfuðborgin með fjörtíu prósent allra kjósenda á landinu, orðið aukaatriði, einhver Haganesvík sem litlu máli skiptir þegar kosningarslitið eru gerð upp í heild sinni.“

Einar Kárason rithöfundur, í Degi.

Oflátungsháttur

„Mér finnst nöfn sem enda á borg eða ríki vera oflátungsháttur. Síðan vil ég ekki að yfirmaður bæjarfélagsins verði kallaður kanslari.“

Benedikt Sigurjónsson bæjarfulltrúi, í DV.

Allir túlka sér í hag

„Nú gerast allir miklir íþróttamenn og keppast við að túlka niðurstöður kosninga sér í hag.“

Ógmundur Jónsson alþingismaður, í Degi.

Púkinn á fjósbitanum

„Í þessu máli ætla ég að vera á fjósbitanum.“

Sverrir Hermannsson, fyrr. bankastjóri, um málefni Lindar, í netmiðlinum Vísi.

Brandarnir á íslensku

„Hér er miklu léttara yfir öllu, mórallinn alveg einstakur og brandarnir allir á íslensku.“

Bjarni Guðjónsson, atvinnumaður í knattspyrnu, sem æfir með ÍA, í Morgunblaðinu.

Reiður og tapsármaður

„Ég hef ekki heyrt neina gagnrýni heldur hef ég einungis heyrt í reiðum manni og tapsárum sem heitir Davíð Oddsson.“

Kristján Þorvaldsson ritstjóri, um gagnrýni á fréttastjóra Sjónvarps, í Degi.

Hollenska dansleikhúsið

Í Borgarleikhúsinu í kvöld og annað kvöld verður Nederlands Dans Theater II og III með ballettsýningu. NTD er eitt frægasta og virtasta dansleikhús heims, þökk sé tveggja áratuga listrænni forystu Jiri Kylián, stjórnanda þess, sem velur til samstarfs listdansara og danshöfundu hvaðanæva að. Hingað koma dansarar og tæknimenn frá Hollandi, Bandaríkjunum, Þýskalandi, Frakklandi, Bretlandi, Kanada, Ástralíu, Argentínu, Tékklandi, Brasilíu, Noregi, Ísrael og Japón. Flokkar yngstu og elstu dansaranna sýna til skiptis.

Listahátíð
Í REYKJAVÍK
1998

Dansarar í NTD II eru á aldrinum 17 til 22 ára og tekst hópurinn á við krefjandi nútímaværk. Í NTD III eru hins vegar reyndar dansstjórnur sem komnar eru yfir fertugt. Þar nýta dansararnir reynslu sína til að



„Ballett sem er hugmyndaríkur, djarfur og alltaf frábær,“ segir í einum ritdómi.

skapa margslungna upplifun í leikhúsinu þar sem bæði klassískur dans og nútímaværk samtíðast látragaði, gamanleik, sorgarleik og jafnvel söng.

Á efnisskránni eru Un Ballo og Compass eftir Jiri Kylián, The Old Man and Me eftir Hans van Manen og Mellantid eftir Johan Inger. Sýningar bæði kvöldin hefjast kl. 20.

Örn Ævar Hjartarson kylfingur:

Vallarmet á St Andrews

DV, Suðurnesjum:

„Daginn eftir að ég náði vallarmetinu vissu allir á svæðinu hver ég var. Þetta var öðruvísi fyrir mig því áður var ég þessi óþekkti Íslendingur. Það voru allir að óska mér til hamingju og ég beðinn um eiginhandararitun, sem er alveg nýtt hjá manni og ég hef ekki gert áður,“ sagði Örn Ævar Hjartarson í Golfklúbbs Suðurnesja, sem náði þeim frábæra árangri að setja nýtt vallarmet á hinum fræga 102 ára gamla golfvelli, nýja St Andrews í Skotlandi.

Það er vægt til orða tekið að lýsa árangri Arnar sem frábærum árangri, afreki hans er ekki hægt að lýsa með orðum. Allir bestu kylfingar veraldar hafa leikið á vellinum í 102 ár og náð best 63 höggum, sem var vallarmet, en Örn gerði gott betur og náði að leika hringinn á 60 höggum. Gamla metið var sett af atvinnumanni en áhugamanna-vallarmetið var 67 högg. Öll golf-tímarit og fjölmiðlar í heiminum hafa fjallað ítarlega um afrek Arnar. Afrek hans er gríðarleg auglýsing fyrir golfíþróttina hér á landi og Golfklúbb Suðurnesja. Örn, sem er aðeins tvítugur, hefur skráð nafn sitt á spjöld sögunnar í golfíþróttinni. Örn gæti átt metið næstu 100 árin. Golfnefndin á St Andrews hefur sent Erni skeyti og óskað honum til hamingju með metið. Skorkort hans verður áritað og rammað inn og sent Erni.

„Þetta er algjör draumahringur hjá mér og langstærsta afrek í mínu lífi. Það er ekki hægt að lýsa

þessu með orðum. Ég er ekki búinn að jafna mig enn þá.“

Þegar Örn náði vallarmetinu var hann að taka þátt í sterkasta áhugamanna-móti á Bretlandseyjum. Keppendur voru 150 og yfir 100 manns með plús í forgjöf. Örn hefur einn plús í forgjöf.

„Eftir að ég lauk hringnum þældi ég ekkert í því að ég hefði slegið metið. Þeir sem voru að

hefur nánast verið þar síðan. Örn vinnur í sumar á golfvelli í Leirunni. Örn hefur verið Íslandsmeistari 14 ára og yngri og 15-18 ára. Örn lék með A-landsliði Íslands í fyrra.

Örn hefur ákveðið að fara til Bandaríkja-anna í haust og hefja nám í efnafræði ásamt því að spila golf. Skólinn er í Louisiana.

„Ég mun æfa og spila þar allt árið. Þá sé ég hvort ég verð ekki betri fyrir vikið svo ég geti látið draum minn rætast að verða atvinnumaður.“

Örn hefur nokkur áhugamál fyrir utan golfið. „Það er körfubolti og útivera almennt.“ Vinkona Arnar er Njóra Dagsdóttir.

-ÆMK

Maður dagsins

vinna við mótið sögðu mér það stuttu síðar að þetta væri nýtt vallarmet. Ég vissi þá ekki hvernig ég átti að haga mér. Mér brá og var örðalaus.“

Hamingjuóskum hefur rignt yfir Örn hér á landi og hvar sem hann kemur er fólk að óska honum til hamingju með afrekið.

Örn náði vallarmetinu 23. maí en þá átti hann að vera á útskriftarhátíð í FS en hann var að ljúka námi sínu og er stúdent.

Örn byrjaði að æfa golf 7 ára en þá fór hann með föður sínum í golf og



Örn Ævar Hjartarson DV-mynd Ægir Már



Valur og Próttur gerðu jafntefli í síðustu umferð í Úrvalsdeildinni. Liðin verða bæði í eldflunnunni í kvöld.

Fjör í boltanum

Það verður mikið um að vera í kvöld í fótoltanum. Í Úrvalsdeildinni verða leiknir fjórir leikir og í neðri deildunum eru á dagskrá átta leikir. Fyrsti leikurinn í 3. umferð Úrvalsdeildarinnar var í gærkvöld þegar KR og Grindavík mættust. Í kvöld leika á Akranesi ÍA-Valur, í Keflavík leika Keflavík-ÍBV, á Laugardalsvelli Próttur-Fram og á Ólafsfirði Leiftur-ÍR.

Íþróttir

Einn leikur er í 2. deild karla: Ægir og Leiknir leika í Þorlákshöfn. Í þriðju deild verða sjö leikir í kvöld. Í Stykkishólmi leika Snæfell-Léttir, á Varmárvöllum Afturelding-Bruni, á Hvolsvelli leika KFR-Hamar, á Seyðisfirði Huginn-Próttur N, á Djúpvogum Neisti D-Sindri, á Grenivík Magni-Nökkvi og á Krossmúlavelli leika HSPB-Neisti H. Allir leikirnir í kvöld hefjast kl. 20.

Bridge

Guðmundur Páll Arnarsson og Þorlákur Jónsson náðu fallettri slemmu í þessu spili í leik Íslands við Indónesía í útsláttarleik í fjórungsúrslitum síðasta ólympíumóts. Indónesarnir Lasut og Manoppo þefðu ekki af slemmunni í opnum sal, Lasut opnaði á sterku laufi, Manoppo sagði einn spaða, Lasut eitt grand og Manoppo stökk í 4 spaða. Sagnir voru mun betri á eðlilegt kerfi hjá Guðmundi Páli og Þorláki, vestur gjafari og AV á hættu:

♠ K5	♠ 82
♥ KG53	♥ 102
♦ AKG3	♦ D852
♣ A104	♣ K9872
♠ A6	♠ V
♥ D97	♥ A
♦ 10964	♦ S
♣ DG53	♣ DG109743
	♣ A864
	♣ 7
	♣ 6

Vestur	Norður	Austur	Suður
1 ♦	pass	1 ♠	pass
2 grönd	pass	3 ♠	pass
3 grönd	pass	4 ♠	pass
4 ♦	pass	4 grönd	pass
5 ♣	pass	6 ♠	p/h

Fjögur grönd var fimm ása spurning (trompökongur talinn sem ás) og fimm lauf sýndu 3 ása. Ýmsar leiðir eru til í úrspillinu en vestur ákvað að spila út hjarta í upphafi. Guðmundur Páll setti gosann strax og eftir að hann hélt slag þurfti hann ekkert annað en að taka trompin af andstöðunni. Ísland græddi því verðskuldað 11 impa á spili en



Guðmundur Páll Arnarsson.

varð hins vegar að bíta í það súra epli þar sem hann áttu að tapa leiknum, 180-115. Indónesarnir komust áfram í undanúrslitin. Þar gerðu þeir jafntefli við Dani í 96 spila leik, 217-217, sem frægt er orðið. Danir töpuðu síðan í 8 spila bráðabana og Indónesar komust í úrslitaleikinn á móti Frökkum. Þar sáu þeir hins vegar aldrei til sólar og Frakkar unnu öruggan sigur, 358-269, í 128 spila leik. Ísak Örn Sigurðsson



Erró fyrir framan eitt verka sinna.

Konur

Erró, einn þekktasti núlifandi Íslendinga, er með myndlistarsýningu á Listahátíð í Reykjavík og var henni valinn staður í Hafnarhúsinu. Auk þess málaði hann veggspjald Listahátíðarinnar. Úr miklu er að velja þegar taka á til verk á sýningu með verkum eftir Erró því árið 1989 gaf hann

Listasafni Reykjavíkur yfir 2000 verk, þar af eru yfir tvö hundruð olíumálverk og rúmlega fjögur hundruð vatnslita- og þekjamynda, auk grafíkmynda, teikninga og klippimynda. Í Hafnarhúsinu eru auk málverka hans, sem tengjast konum, sýndar sérstakar myndraðir, skissubækur, dagbækur, bréfasafn, ljósmyndir,

Listahátíð
Í REYKJAVÍK
1998


plaköt, greinar og bækur. Hafnarhúsið hefur verið valið sem samastaður fyrir Er-rósafnið og er því upplagt að gera sér ferð þangað og sjá myndlist eftir Erró auk þess að kynna sér húsakynninn sem eru ófullgerð enn sem komið er.

Myndgátan

Lausn á gátu nr. 2113:



Finnur smjörþefinn



Myndgátan hér að ofan lýsir nafnorði